



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

6. september 2016

**Efni: Forsendur útreikninga í umsögn ASÍ um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki 794. Mál.**

Við útreikninga var gert ráð fyrir að:

- Námsmaður tæki fullt lán fyrir þriggja ára námi.
- Lánsfjárhæð miðast við úthlutunarreglur/framfærsluviðmiðum LÍN fyrir skólaárið 2016-2017
- Í nýju kerfi er styrkupp hæðin dregin frá framfærsluviðmiðum LÍN og lánsfjárhæð miðuð við það.
- Í núverandi kerfi er m.v. gildandi vaxtakjör námlána, 1% en í nýju kerfi við 3% vexti (2,5%+ 0,5% álag).
- Námslán í núverandi kerfi bera vexti frá því skuldabréfi er lokað að námi loknu en í nýju kerfi bera lánin vexti frá útborgunardegi láns.
- Í öllum tilvikum eru námslán verðtryggð skv. vísitölu neysluverðs. Í öllum útreikningum er miðað við 2,5% verðbólgu á ársgrundvelli allan lánstímann.
- Áhrif á vaxta- barna- og húsaleigubætur: Námslán teljast ekki til tekna við ákvörðun þessara bóta í dag og því hefur breyting á lánsfjárhæð ekki áhrif á útreikning þeirra. Ef námsstyrkur mun teljast til skattskyldra tekna og hefur áhrif til skerðingar á húsnæðisstuðningi og barnabótum mun það skerða ráðstöfunartekjur námsmanna sem því nemur.